

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 129/1994.

Anna Einarsdóttir

Jón B. Einarsson

Pétur Einarsson

Sigurður Harðarson

Anna Gísladóttir

Ásgerður Gísladóttir

Jón Gíslason og

Gunnhildur Friðþjófsdóttir

(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Björgvinsyni

(sjálfur)

Kærumál. Erfðaskrá. Arfleiðsluhæfi. Lækna ráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst réttinum 16. mars sl. Kæruheimild er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Þeir krefjast þess, að úrskurði héraðsdómara frá 21. febrúar sl. verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður. Þá fara þeir fram á það, að Hæstiréttur hlutist til um, að Lækna ráð gefi álit sitt á læknisvottorðum, sem fyrir liggja í málinu, hvort byggja megi á þeim, að Ása heitin Jónsdóttir hafi ekki verið nægilega heil heilsu andlega á þeim tíma, sem hún gerði erfðaskrá þá, sem um er deilt í málinu.

Varnaraðili hefur sent greinargerð til Hæstaréttar, sem verður að skilja á þann veg, að hann krefjist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá mótmælir hann beiðni sóknaraðila um, að Lækna ráð verði fengið til að gefa umsögn um fram lögð læknisvottorð.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit af vitnamáli, sem fram fór í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. apríl sl., þar sem Ólöf Pálsdóttir bar um kynni sín af Ásu heitin Jónsdóttur og samskipti þeirra daginn, sem Ása gerði hina umdeildu erfðaskrá.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Þar eru rakin læknisvottorð, sem sóknaraðilar hafa lagt fram. Annað er vottorð heimilislæknis Ásu heitinnar, sem stundaði hana frá árinu 1987 þar til í nóvember 1992, er hún fluttist til Sauðárkróks. Hitt er vottorð geðlæknis á geðdeild Borgarspítalans, þar sem Ása var frá 27. október til 6. nóvember 1992. Læknir sá, sem stundaði Ásu, eftir að hún fluttist til Sauðárkróks, þar til hún andaðist, hefur ekki gefið vottorð um heilsufar hennar, en lýsti fyrir dómi, að hún hefði verið við sæmilega heilsu. Læknisvottorð þau, sem fyrir liggja í málinu, taka ekki mið af ástandi Ásu heitinnar Jónsdóttur á þeim tíma, sem hún undirritaði erfðaskrána, og verður ekki talið, að af þeim megi álykta um hæfi hennar á þeim tíma. Ekki verður séð, að umsögn Læknaráðs um vottorðin myndi hafa þýðingu um úrslit málsins. Er því hafnað beiðni sóknaraðila um að leggja málið til umsagnar Læknaráðs.

II.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en varnaraðili hefur ekki krafist hans.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 1994.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 26. janúar 1994.

Sóknaraðili málsins er Þorvaldur Björgvinsson, kt. 080753–4549, Brautarási 15, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Anna Einarsdóttir, kt. 280643–7349, Bergstaðastræti 56, Reykjavík, Sigurður Harðarson, kt. 200644–4419, Langagerði 86, Reykjavík, Anna Gísladóttir, kt. 070847–4349, Barmahlíð 31, Sauðárkróki, Ásgerður Gísladóttir, kt. 161044–2539, Hrísbúr, Mosfellsbæ, Gunnhildur Friðþjófsdóttir, kt. 301061–6689, Huldulandi 1, Reykjavík, Jón B. Einarsson, Har-

aldsvägen 3, Södertälje, Svíþjóð, Jón Gíslason, kt. 270359–3379, Stóra-Búrfelli, Blönduósi, og Pétur Einarsson, kt. 270846–3359, Nýjabæ, Garðabæ.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti gildi erfðaskrár sem Ása Jónsdóttir gerði þann 17. apríl 1993. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur varnaraðila eru, að ógilt verði með dómi erfðaskrá, sem Ása Jónsdóttir gerði þann 17. apríl 1993, þar sem sóknaraðili er arfleiddur að öllum eignum hennar. Þá krefjast varnaraðilar málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins og virðisaukaskatts.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Tildrög máls þessa eru þau að þann 20. maí 1993 andaðist Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, Miðleiti 1, Reykjavík. Látna var ekki í hjúskap er hún lést. Lögerfingjar hennar eru varnaraðilar þessa máls, en þau eru öll systkina- börn hennar.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 2. júní 1993, fóru varnaraðilarnir Anna Einarsdóttir og Sigurður Harðarson þess á leit að bú hinnar látnu yrði tekið til opinberra skipta. Var sú beiðni tekin fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þann 30. júní 1993 og var þá mætt af hálfu sóknaraðila og kröfu um opinber skipti mótmælt, þar sem hann væri einkaerfingi hinnar látnu samkvæmt erfðaskrá. Samkomulag varð milli aðila um að fresta málinu til 8. september 1993. Í því þinghaldi var því lýst yfir af hálfu skiptabeiðenda að þeir vefengdu erfðaskrá hinnar látnu þar sem sóknaraðili er einkaerfingi og var málinu enn á ný frestað og nú til 30. september 1993. Í því þinghaldi var ákveðinn rekstur þessa máls til að leysa úr ágreiningi þeim sem upp var kominn milli lögerfingja og bréferfingja, en rétt þótti að fá úr því skorið hverjir væru erfingjar áður en til opinberra skipta kæmi, og ágreiningsmál þingfest þann sama dag, og ákvað dómari aðild þannig að bréferfingi væri sóknaraðili og lögerfingjar varnaraðilar.

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

ERFDASKRÁ

Ég undirrituð, Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, nú til heimilis að Miðleiti 1, Reykjavík, sem á enga skylduerfingja, geri hér með eftirfarandi ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Auk venjulegs útfararkostnaðar skal taka af eignum mínum óskiptum svo mikið fé sem þarf til þess að gera og setja á leiði mitt grafstein með áletruðu nafni mínu, fæðingardegi og dánardægrí.

Allar aðrar eignir, sem ég kann að láta eftir mig, skulu ganga í arf til Þor-

valds Björgvinssonar, kt. 080753–4549, til heimilis að Brautarási 15, Reykjavík.

Erfðaskrá þessa undirrita ég eigin hendi í viðurvist tveggja sérstaklega tilkvaddra arfleiðsluvotta. (Ofangreindur texti er vélritaður, en svo kemur eftirfarandi handskrifað inn á erfðaskrána:)

Frh. Að Þorvaldi látnum skulu ofangreindar eignir renna til föður hans, Björgvins Guðmundssonar, kt. 130932–3649, sem þá ábyrgist að taka að sér framkvæmd meðfylgjandi yfirlýsingar, dags. 17.4. '93, sem skrásett verður samtímis erfðaskránni.

AJ. LG. VE.

Ása Jónsdóttir (sign).

Á erfðaskrá þessa hefur verið ritað svofellt vottorð:

Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar að framritaðri arfleiðslugerð, vottum það, að Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, ritaði að okkur viðstöddum nafn sitt undir erfðaskrána, sem hún kvað hafa að geyma hinsta vilja sinn. Gerði hún þetta heil heilsu andlega, allsgáð og af fúsum og frjálsum vilja. Þetta erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði, ef krafist verður.

Reykjavík, 17. apríl 1991.

Lúdvík Gizurarson hrl. (sign),
kt. 060332–3479,
Grenimel 20, R.

Valgerður Einarsdóttir (sign),
kt. 170935–4629,
Grenimel 20, Rvík.

Jafnhliða erfðaskránni afturkallaði Ása fyrri erfðaskrá og er hún undirrituð sama dag og erfðaskrá sú, sem hér er til umfjöllunar, og vottuð af sömu vottum.

Í erfðaskránni er getið um yfirlýsingu, dags. 17. apríl 1993, og hefur verið lögð fram í málinu sú yfirlýsing sem reyndar er dags. 18. apríl 1993, en samkvæmt þeirri yfirlýsingu lýsir sóknaraðili þessa máls því yfir að hann muni sjá til þess, að Ása Jónsdóttir fari ekki á elliheimili, heldur geti dvalist í heimahúsum svo að hún þurfi ekki að vera ein, heldur ávallt í sambýli við þann sem hún treysti vel. Yfirlýsing þessi er vottuð af sömu vottum og votta erfðaskrána og Björgvin Guðmundsson, faðir sóknaraðila, ábyrgist með undirritun sinni þessa yfirlýsingu.

III.

Sóknaraðili telur, að umdeild erfðaskrá sé í lagalega fullkomnu formi, sbr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Hafi arfleiðsluvottar við undirritun hennar verið Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður og kona hans, Valgerður Einarsdóttir. Votti þau á erfðaskrána að Ása heitin hafi undirritað erfðaskrána af fús-um og frjálsum vilja og heil heilsu andlega. Segi þau að það hafi verið ákveðinn vilji Ásu að arfleiða Þorvald Björgvinsson og hún hafi vitað nákvæmlega hvað hún hafi verið að gera. Hafi þau Lúðvík og Valgerður þekkt Ásu frá fyrri tíð og segi að hún hafi við undirritun erfðaskrárinnar verið tiltölulega hress og mjög ákveðin í því sem hún hafi viljað. Fullnægi arfleiðsluvottarnir ekki aðeins skilyrðum 1. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962, heldur sé annar þeirra að auki hæstaréttarlögmaður. Ekki hafi þau heldur verið í neinum sífja- eða hagsmunatengslum við þá feðgana sem hagsmuni hafi að gæta varðandi erfðaskrána, sbr. 2. mgr. 41. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Sóknaraðili telur að Ása Jónsdóttir hafi verið til þess bær að arfleiða Þorvald Björgvinsson að öllum eignum sínum, þar sem hún hafi ekki átt neina skylduerfingja, sbr. 35. gr. erfðalaga. Séu engir ógildisannmarkar á erfðaskránni. Hún hafi hvorki verið beitt nauðung, svikum né misneytingu í því skyni að fá hana til að gera erfðaskrána, sbr. 37. gr. erfðalaga. Ekki hafi erfðaskráin heldur sprottið af misskilningi arfleiðanda, sbr. 42. gr. erfðalaga.

Sóknaraðili kveður hina látnu hafa haft mjög lítið samband við ættingja sína síðustu árin, sem hafi stafað af því að ættingjar hennar hafi lítið sinnt henni. Þorvald Björgvinsson hafi hún hins vegar þekkt frá fyrri tíð er hún hafi rekið smábarnaskóla og hann verið einn af nemendum hennar. Hún hafi leitað til hans eftir félagsskap og aðstoð og hann gefið sér tíma til að fara til hennar og spjalla við hana og aðstoða hana með ýmsum hætti. Það hafi komið ættingjum hennar í opna skjöldu að hún skyldi arfleiða Þorvald, enda hafi þeim vegna sambandsleysis lítt verið kunnugt um kunningskap þeirra og vináttu.

Sóknaraðili kveður Ásu hafa átt frumkvæðið að gerð erfðaskrárinnar. Hún hafi viljað ganga frá erfðaskránni áður en hún fór í tveggja vikna ferðalag til Bandaríkjanna, þar sem hún hafi ekki viljað eiga það ógert, ef eitthvað kæmi fyrir hana í ferðalaginu. Hafi að hennar ósk verið bætt við texta erfðaskrárinnar að ef Þorvaldur félli frá á undan föður sínum, Björgvini Guðmundssyni, skyldi hann erfa hana. Sé það skýring á því, að Lúðvík Gizurarson hafi ritað með eigin hendi viðbót þá við vélritaðan texta erfðaskrárinnar.

Sóknaraðili telur að fullyrðingar varnaraðila um, að um mikla ofnotkun lyfja hafi verið að ræða hjá Ásu og að engin tengsl hafi verið milli hennar

og Þorvalds, séu auðhraktar og vísist um það til vottorðs arfleiðsluvottanna og einnig til frásagnar af kunningsskap og vináttu þeirra, en milli þeirra hafi verið einlæg vinátta og hafi hann oft heimsótt hana og aðstoðað. Sóknaraðili vísar á bug þeirri fullyrðingu að lyfjanotkun hinnar látnu hafi verið meiri en gengur og gerist hjá fólki á hennar aldri.

Sóknaraðili kveðst hafa aðstoðað Ásu við útleigu á íbúð hennar, er hún flutti norður á Sauðárkrók, og jafnframt kveðst hann hafa aðstoðað hana við flutninginn norður. Hafi hún í þakklætisskyni boðið honum að koma með sér í ferðalag til Bandaríkjana, en þangað hafi hún farið í því skyni að kanna fasteignakaup á Flórída, og hafi hún ekki treyst sér að fara ein. Hafi hún tjáð honum að hún vildi ekki biðja neinn af ættingjum sínum að koma með sér.

IV.

Varnaraðilar byggja mál sitt á þeirri málsástæðu að Ása Jónsdóttir hafi á þeim tíma, sem hún hafi gert umrædda erfðaskrá, og reyndar langan tíma þar á undan ekki verið svo heil heilsu andlega, að hún hafi verið fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt. Byggja þeir vefengingu erfðaskrárinnar á 2. mgr. 34. gr. og 2. mgr. 45. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Málskostnaðarkröfu byggja þeir á 129. gr. og 1. mgr. (sic) laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggja þeir á lögum nr. 50/1988 en þar sé lögmönnum gert skylt að taka virðisaukaskatt af þóknun sinni. Séu varnaraðilar ekki virðisaukaskattsskyldir, og beri þeim því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum.

V.

Sóknaraðilinn Þorvaldur Björgvinsson hefur gefið aðilaskýrslu í málinu. Þar kemur m.a. fram að hann hafi farið með Ásu heitinni til Flórída til að vera henni til halds og trausts og aðstoða hana við hugsanleg fasteignakaup þar ytra, og hafi þetta verið erfið ferð og alls engin skemmtiferð. Hann kveður Ásu hafa sagt sér að hún væri alger einstæðingur og ætti engan að. Hann kveðst engan þátt hafa átt í þeirri ákvörðun hennar að arfleiða hann að eignum sínum.

Varnaraðilarnir Sigurður Harðarson, Ásgerður Gísladóttir, Jón Gíslason og Anna Gísladóttir hafa gefið aðilaskýrslur í málinu. Vísa þau algerlega á bug yfirlýsingum sóknaraðila þess efnis að hin látna hafi lítil samskipti haft við ættingja sína síðustu árin og að þeir hafi lítið sinnt henni. Þvert á móti hafi þau gert það, sem í þeirra valdi hafi staðið, til að aðstoða hana eftir föngum. Varnaraðilinn Sigurður Harðarson hefur lýst því yfir að hann hafi

aðstoðað hana í fasteignaviðskiptum ásamt Björgvini Guðmundssyni, föður sóknaraðila, en kannast ekki við að sóknaraðili hafi komið hér við sögu fyrr en fyrri part ársins, þegar faðir hans hafi fengið hann til að fylgja Ásu heitinni til Flórída. Lögð hefur verið fram í málinu aðilaskýrsla varnaraðilans Ásgerðar Gísladóttur, en hún er óundurrituð. Þar kemur m.a. fram að hún hafi aðstoðað hina látnu við flutning hennar norður á Sauðárkrók í nóvember sl. og þar hafi sóknaraðili hvergi nærri komið.

Varnaraðilinn Jón Gíslason heldur því fram að hann hafi reynt að fá Ásu heitna til að fjárfesta í þjónustuþúð fyrir aldraða, en hún hafi ekki talið það henta sér, og telur hann að andlegt ástand hennar og skert dómgreind hafi valdið því, auk þess sem hún hafi kveðið Björgvin Guðmundsson hafa ráðlagt sér eindregið frá því. Telur hann, að hér hafi Björgvin Guðmundsson verið að nota sér dómgreindarleysi Ásu, þar sem þetta hafi augljóslega gengið í berhögð við hagsmuni hennar.

Vitnið Lúðvík Gizurarson, kt. 060332–3479, hæstaréttarlögmaður, Norðurgarði 1, Hvolsvelli, kvað Ásu heitna hafa verið við góða andlega heilsu, þegar hún ritaði undir erfðaskrá þá sem um er deilt í máli þessu. Hann kvaðst hafa þekkt Ásu frá gamalli tíð og erfðaskrána hefði hún ákveðið að gera svona, og leiðréttingar á henni hefðu eingöngu stafað frá henni, og hefði hún að öllu leyti ráðið orðalagi og efni erfðaskrárinnar. Hún hefði alltaf verið ákveðin í skoðunum sínum og ekki látið segja sér fyrir verkum. Hann upplýsti, að hann hefði spjallað dágóða stund við Ásu og ekkert það komið fram, sem benti til þess, að hún væri andlega vanheil eða að hún væri ekki allsgáð.

Vitnið Valgerður Einarsdóttir, kt. 170935–4629, Norðurgarði 1, Hvolsvelli, kvað Ásu heitna hafa verið við góða andlega heilsu, þegar hún hefði ritað undir erfðaskrá þá sem um er deilt í þessu máli. Hún hafi kynnst henni nokkrum árum áður og hafi sér virst sem hún væri sjálfri sé lík þennan umrædda dag.

Vitnið Ólafur Sveinsson, kt. 030927–2499, lækni, Víðihlíð 14, Sauðárkróki, gaf skýrslu um síma, og var hann staðsettur hjá héraðsdómara Norðurlands vestra, Halldóri Halldórssyni, þegar skýrslan var tekin. Hann kveðst hafa stundað Ásu Jónsdóttur á því tímabili sem hún bjó á Sauðárkróki, þar til hún andaðist. Hann kvað Ásu Jónsdóttur hafa verið við sæmlega heilsu, en hvort hún hefði verið algerlega andlega heil, taldi hann sig ekki geta svarað algerlega, en hún hefði komið ágætlega fyrir, ekkert sérstakt hefði komið fram, sem benti til þess, að hún væri andlega vanheil.

Vitnið Haraldur Jónasson, kt. 011230–3779, lögfræðingur, Eikjuvogi 23, Reykjavík. Hann kveðst hafa verið leigjandi hjá Ásu heitinni 2–3 mánuði.

Hann kvað hana hafa eindregin fráhrarfseinkenni vegna misnotkunar, líklegast lyfja, en hann kvaðst þekkja af eigin raun fráhrarfseinkenni vegna misnotkunar áfengis og sér sýnst þetta svipað hjá Ásu. Oft hafi henni liðið illa og verið langt niðri.

Vitnið Páll Arnór Pálsson, kt. 050648–4949, hæstaréttarlögmaður, Sæbólsbraut 42, Kópavogi, kveðst hafa þekkt Ásu Jónsdóttur, frá því að hann hafi verið krakki, og hafi faðir hans og Ása verið systkinabörn. Hann kveðst hafa séð um hennar lögfræðilegu málefni eftir að hann varð lögmaður. Hann fullyrðir að ástand Ásu hafi verið orðið slæmt undir það síðasta, og hafi hún verið langt niðri, hafi hún verið á geðlyfjum og erfið í umgengni og samtölum. Hann kvaðst aldrei hafa vitað um tilvist sóknaraðila fyrr en eftir andlát hennar. Hann kvaðst vita, að heilsu hennar, bæði líkamlegri og andlegri, hefði hrakað mikið undir það síðasta. Hann kvaðst hafa vitað, að hún tæki lyf. Hann kvað hana stundum hafa átt það til að bjóða arf eftir sig hinum og þessum og gera einhvers konar kaup við viðkomandi. Hann telur, að Ása Jónsdóttir hafi verið misnotuð, m. a. vegna sérkenna sinna og vegna ofnotkunar lyfja.

VI.

Af hálfu varnaraðila hefur verið lagt fram á dskj. nr. 23 vottorð Sigurðar Arnar Hektorssonar lækni, Heilsugæslunni Álftamýri 5, Reykjavík, heimilislæknis Ásu frá 22. júní 1987 fram til nóvember 1992, er hún flutti til Sauðárkróks. Þar segir m.a.: „Miðað við það ástand, sem Ása hefur verið í frá mínum fyrstu kynnum við hana og ekki síst m.t.t. andlegs ástands hennar áður en hún flutti til Sauðárkróks, en þá lagði ég hana inn á geðdeild Borgarspítalans, telur undirritaður sig geta fullyrt með mjög mikilli vissu, að Ása hafi ekki verið hæf af heilsufarsástæðum til að gera erfðaskrá. Hún hefur áratugasögu um geðræna vanheilsu. Um var að ræða langvinna sjúkdóma, þar sem ekki var um neinn bata að ræða. Því tel ég útilokað, að andlegt ástand hennar hafi breyst sem nokkru nemi á tímabilinu frá því í nóvember 1992 og þar til í apríl 1993. Tel ég allar líkur á að hún hafi auðveldlega látið lokkast af hvers kyns gylliboðum, sem hún var jafnan mjög „veik fyrir“. Eins og fyrr segir var hún afar áhrifagjörn og gat látið hvers kyns ytri áhrif hrífa sig, svo að hún væri þá stundina sannfærð um, að hún væri að gera rétt, enda þótt henni yrði ljóst skömmu síðar, að um hið gagnstæða væri að ræða.

Niðurstaða:

Af nánnum kynnum undirritaðs við Ásu Jónsdóttur sem heimilislæknis hennar um 5 ára skeið telur undirritaður sér óhætt að fullyrða að allar líkur séu á að Ása hafi verið langt frá því að vera við nægilega heilsu andlega til

að geta ráðstafað fjármálum sínum, svo sem erfðaskrá, á skynsamlegan hátt.“

Einnig hefur verið lagt fram af hálfu varnaraðila á dskj. nr. 26 læknisvottorð Halldórs Kolbeinssonar, geðlæknis á geðdeild Borgarspítalans, en þar dvaldist hún frá 27. október 1992 til 6. nóvember 1992, er hún útskrifaði sig sjálf. Í niðurstöðu vottorðsins segir: „Við innlögn hafði Ása Jónsdóttir merki um taugaveiklun (neurosis) með þunglyndiseinkennum sem að líkindum átti sér nokkurra ára sögu. Auk þess kom fram saga um líkamssjúkdóma og félagslega erfiðleika. Aðdragandi innlagnar var vegna álags- og streitupátta frá umhverfi sem höfðu magnað upp taugaveiklunareinkenni þannig að heimilislæknir lagði inn beiðni á geðdeild til frekari meðferðar meðan verið væri að kanna hennar vistunarmál. Einkenni rénuðu við innlögnina en ég tel ólíklegt að hennar taugaveiklun hafi verið læknuð við útskrift. Purfti hún næstu mánuði á róandi og svefnlyfjum að halda.“

VII.

Ágreiningur í þessu máli snýst um arfleiðsluhæfi Ásu Jónsdóttur á þeim tíma sem umdeild erfðaskrá var gerð.

Varnaraðilar byggja vefengingu erfðaskrárinnar á því að arfleifandi hafi ekki verið hæfur til að gera slíkan gerning sökum þess að hún hafi ekki verið heil heilsu andlega á þeim tíma sem erfðaskráin var gerð. Sönnunarbyrði hvílir á þeim, sem vefengja erfðaskrá, fyrir því, að arfleifandi hafi verið haldinn andlegum annmörkum sem varði ógildingunni.

Í 2. mgr. 34. gr. el. segir að erfðaskrá sé því aðeins gild, að sá, sem geri hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

Formskilyrðum erfðalaga nr. 8/1962 er fullnægt hvað snertir hina umdeildu erfðaskrá. Í vottorði arfleiðsluvottanna segir m.a.: „Við undirritaðir, sem höfum verið kvaddir til þess að vera vottar að framanritaðri arfleiðslugerð, vottum það, að Ása Jónsdóttir, kt. 280219–2589, ritaði að okkur viðstöddum nafn sitt undir erfðaskrána, sem hún kvað hafa að geyma hinsta vilja sinn. Gerði hún þetta heil heilsu andlega, allsgáð og af fúsum og frjálsum vilja . . .“

Arfleiðsluvottarnir hafa vottað undirskrift Ásu heitinnar og að hún hafi verið heil heilsu andlega og allsgáð og gert það af fúsum og frjálsum vilja. Hafa þeir staðfest það fyrir dómi að efni erfðaskrárinnar hafi í öllu verið hennar ákvörðun og vilji. Hafi þeir spjallað við hana áður en gengið var frá erfðaskránni og ekkert það komið fram sem gæfi tilefni til að ætla að hún væri andlega vanheil eða að hún væri ekki allsgáð.

Varnaraðilar hafa lagt fram læknisvottorð tveggja lækna, sem stunduðu

arfleifanda á öðrum tíma en þegar erfðaskráin var undirrituð þann 17. apríl 1993. Hins vegar hefur læknir sá, sem stundaði hana á þeim tíma, ekki vilja að gefa vottorð um heilsufar hennar á þeim tíma en þó gefið í skyn að hún hafi verið andlega heil á þeim tíma. Aðeins liggur fyrir í máli þessu vottorð frá einum geðlækni, og þar segir, að Ása Jónsdóttir hafi verið á þeim tíma, sem hún dvaldist á geðdeild Borgarspítalans, þunglynd og taugaveikluð og þurft á að halda róandi lyfjum og svefnlyfjum. Ekkert kemur fram í vottorði læknisins um mat hans á því hvort Ása heitin hafi verið ófær að gera ráðstafanir eins og erfðaskrá vegna andlegra annmarka. Heimilislæknir hennar taldi þó, að hún hefði verið langt frá því að vera við nægilega heilsu andlega til að geta ráðstafað fjármálum sínum, svo sem erfðaskrá, á skynsamlegan hátt. Hafa ber í huga, að þetta er hans mat á ástandi hennar á þeim tíma sem hann stundaði hana, erfðaskráin er gerð nokkru síðar og að ekki er um að ræða sérfræðing á sviði geðsjúkdóma.

Það er talin meginregla í íslenskum erfðarétti, að til þess að erfðaskrá geti talist gild þurfi arfleifandi að hafa getað gert sér grein fyrir efni gerningsins. Þykir arfleifandi, eftir því sem gögn málsins gefa vísbendingu um, hafa verið hæf til að skilja gildi þeirrar erfðaskrár, sem hún stóð að.

Ekki þykja varnaraðilar hafa leitt haldbær rök fyrir þeim staðhæfingum sínum að Ása Jónsdóttir hafi verið haldin þeim andlegum annmörkum á þeim tíma, er hún gerði umrædda erfðaskrá, að það varði ógildingunni hennar, og miðað við aðstæður allar í máli þessu verður ráðstöfun hennar með erfðaskránni ekki talin þess eðlis að hún hafi verið óeðlileg eða óskynsamleg.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða máls þessa, að krafa sóknaraðila í málinu er tekin til greina, og af því leiðir, að erfðaskrá á dskj. nr. 12 er metin gild.

Eftir atvikum málsins þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Úrskurð þennan kvað upp Gréta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila í máli þessu, Þorvalds Björgvinssonar, um að erfðaskrá sú, sem Ása Jónsdóttir undirritaði í viðurvist tveggja vitundarvotta í Reykjavík þann 17. apríl 1993, sé metin gild, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.